

Tilvísun 2024010088

Selfoss

28. ágúst 2025

Breytt deiliskipulag

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi:

Sveitarfélag:	Sveitarfélagið Árborg
Nafn:	Stella Rúnarsdóttir
Netfang:	skipulag@arborg.is

Nýtt deiliskipulag:

Nafn skipulags:	Búgarðabyggð í landi Byggðarhorns, lóðir 7 og 56 – Deiliskipulagsbreyting
Hönnuður:	Landform
Dags. gagna:	24. júní 2025
Málsnúmer á skipulagsgátt:	989/2025

Síða 1/2

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegir sem skipulagið hefur áhrif á:

Nafn vegar:	Byggðarhornsvegur
Númer-kaflí:	3081-01
Vegflokkur:	Héraðsvegur
Vegtegund:	D
Breidd veghelgunarsvæðis *	15m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	50m

*mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar.

**sjá Veghönnunarreglur.

Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemdir:

Vegagerðin bendir á að stofnuninni var ekki send síðasta breyting á deiliskipulagi á svæðinu til umsagnar og var því ekki gefið færi á að gera athugasemdir áður en það tók gildi.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr vegalaga nr. 80/2007 eru þjóðvegir þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá og eru héraðsvegir einn flokkur þeirra, sbr. c-lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga

Byggðarhornsvegur (3081) er héraðsvegur af vegtegund D og á forræði Vegagerðarinnar. Í ljósi þeirrar umferðar sem um veginn mun fara miðað við skipulagsáætlanir þarf vegurinn að vera af vegtegund C7, sjá mynd 1.


Vegagerðin

Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

SNI-2306-1

2.1.10 Vegtegund C₇

Vegtegund C₇:



Mynd 1

Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á tilteknum viðmiðum varðandi fjölda og þéttleika vegamóta/tenginga. Samkvæmt veghönnunarreglum skulu fjarlægðir milli vegtenginga í vegflokki C₇ vera 50 m.

Fyrir liggur að Byggðarhornsvegur samkvæmt gildandi skipulagi uppfyllir ekki fyrrgreindar kröfur veghönnunarreglna um fjarlægðir milli tenginga. Vegagerðin gerir því kröfu um að fjarlægðir á milli tenginga við Byggðarhornsveg (3081) verði málsettar á skipulagsuppdætti og að fjarlægð milli tenginga verði 50 m, það á einnig við um næstu tengingar utan skipulagsreits.

Síða 2/2

Samkvæmt 32. gr. vegalaga nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 15 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu héraðsvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru ávallt háðar leyfi Vegagerðarinnar. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013, grein 5.3.2.5.

Samkvæmt veghönnunarreglum skal öryggissvæði vera meðfram vegum og skulu girðingar og skurðir vera að lágmarki 5 metra frá vegbrún.

Óheimilt er að tengja vegi þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar, sbr. 1. mgr. 29. gr. vegalaga. Settar hafa verið reglur um hönnun vega sem kveða á um lágmarkskröfur á grundvelli 42. gr. vegalaga. Veghaldari ber ábyrgð á að kröfur þessar séu uppfylltar.

Vegagerðin

Eins og rakið hefur verið uppfylla fyrirhugaðar breytingar á skipulagi svæðisins ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til umferðaröryggis samkvæmt veghönnunarreglum. Telur Vegagerðin því ekki unnt að fallast á tillögu sveitarfélagsins um breytingu á deiliskipulagi á Búgarðabyggð í landi Byggðarhorns, lóðir 7 og 56 fyrr en viðeigandi breytingar hafa verið gerðar í samræmi við veghönnunarreglur.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir
Fulltrúi tæknideildar
Suðursvæði Vegagerðarinnar.